



Samgöngunefnd Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir
Austurstræti 8-10, 2. hæð.
150 REYKJAVÍK

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007-2010 og samgönguáætlun 2007-2018, 574. og 575. mál.

Með bréfum samgöngunefndar Alþingis, dags. 22. febrúar, var óskað umsagnar Reykjavíkurborgar annars vegar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010, 574. mál, og hins vegar, tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018, 575. mál.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 22. þ.m. svohljóðandi tillögu, sbr. tillögur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um forgangsriðun vegaframkvæmda; skýrsla sem áður hefur verið send Alþingi með bréfi skrifstofustjóra borgarstjórnar, dags. 26. þ.m.

| Vegir í grunnneti | Kostnaður millj. kr. | Fjármagn millj. kr. | 2007-2010 millj. kr. | 2011-2014 millj.kr. | 2015-2018 millj.kr. | Alls |
|-----------------------------|----------------------|---------------------|----------------------|---------------------|---------------------|------|
| Verkefni á höfuðborgarsvæði | 78.000 | 28.686 | 8.736 | 9.950 | 10.000 | |
| -- símafé* | | 9.320 | 9.320 | | | |
| Verkefni á landsbyggð | 67.000 | 35.504 | 12.574 | 11.430 | 11.500 | |
| -- símafé | | 5.680 | 5.680 | | | |
| Áður framkv./afborganir | | | -80 | | | |
| Jarðgangaáætlun | 40.000 | 37.792 | 11.392 | 13.200 | 13.200 | |
| Landsvegir í grunnneti | 14.000 | 2.110 | 240 | 670 | 1.200 | |
| Samtals | 206.000 | 125.807 | 50.047 | 37.480 | 38.200 | |

| | | | | | | |
|--|--|--------|--------|--------|--------|---------|
| Framkvæmdakostnaður utan grunnnets, tengivegir, þjóðgarðar, reiðvegir, o.fl. | | 10.225 | 11.200 | 11.360 | 32.785 | |
| Nánast ekkert á höfuðborgarsvæði | | | | | | |
| ''Sérstök fjáröflun''** | | | 9.500 | 23.800 | 12.000 | 45.300 |
| Framkvæmdir alls | | | 69.772 | 48.680 | 49.560 | 168.012 |
| *Þar af Sundabraut 8.000 millj.kr. | | | | | | |
| **Þar af Sundabraut 12.000 millj. kr. 2011-2014 | | | | | | |
| Hluttur höfuðborgarsv. með Sundabraut | | | 18.056 | 21.950 | 10.000 | 50.006 |
| Hluttur höfuðborgarsvæðis % | | | 25,9% | 45,1% | 20,2% | 29,8% |
| Tillögur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðis (án Sundabrautar) | | | 21.400 | 17.000 | 16.400 | 54.800 |

Jafnframt bókaði borgarráð eftirfarandi:

Borgarráð tekur undir kröfur borgarstjóra og bæjarstjórnanna á höfuðborgarsvæðinu, sem kynntar hafa verið á fundinum. Sérstaklega er fagnað tillögum um að flýta framkvæmdum við Öskjuhlíðargöng, flýta og setja aukið fjármagn í stökkalausnir á Miklubraut og að taka frá fé í hljóðvistarmál, almenningsangöngur og göngu- og hjólréiðastíga. Heildarframlög til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu hafa um árabil verið of lág og brýnt er að bætt verði úr því strax.

Um frekari áherslur og afstöðu Reykjavíkurborgar vísast til ályktunar framkvæmdastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, samþykktri á fundi stjórnar SSH 23. febrúar s.l. um fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur þegar verið send Alþingi.



Kristbjörg Stephensen, hdl.